



STARFSREGLUR PENINGASTEFNUNEFNDAR

1. gr. Almennt

- 1.1. Seðlabanki Íslands starfar á grundvelli laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands (hér eftir „sbl“) og er markmið hans að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabanki Íslands skal sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Starfsreglur peningastefnunefndar eru settar með vísan til 2. mgr. 11. gr. sbl.
- 1.2. Í starfsreglum þessum er fjallað um helstu atriði sem varða hlutverk og störf peningastefnunefndar, m.a. um fundi hennar, undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana nefndarinnar, hæfi nefndarmanna o.fl.

2. gr. Hlutverk, skipan og verkefni peningastefnunefndar

- 2.1. Ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands í peningamálum, sbr. 10. gr. sbl., eru teknar af peningastefnunefnd.
- 2.2. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu grundvallast á markmiði um stöðugt verðlag og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum, sbr. 1. mgr. 9. gr. sbl. og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands um verðbólguþol og breytta gengisstefnu frá 27. mars 2001.
- 2.3. Í peningastefnunefnd sitja seðlabankastjóri, varaseðlabankastjóri peningastefnu, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og tveir utanaðkomandi sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Aðalhaf fræðingur Seðlabanka Íslands situr fundi nefndarinnar með málfrelsi.
- 2.4. Seðlabankastjóri er formaður peningastefnunefndar og er varaseðlabankastjóri peningastefnu staðgengill hans. Varaseðlabankastjóri peningastefnu ber ábyrgð á undirbúningi funda nefndarinnar.
- 2.5. Peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um vexti Seðlabankans skv. 22. gr. sbl. til að framfylgja peningastefnu bankans. Einnig tekur nefndin ákvarðanir um viðskipti bankans við lánastofnanir önnur en tilgreind eru í 2. mgr. 19. gr. sbl. Þá tekur nefndin ákvarðanir um bindiskyldu skv. 23. gr. sbl., viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 27. gr. sbl. og viðskipti með verðbréf skv. 20. gr. sbl, sem ætlað er að stuðla að því að markmiði bankans um stöðugt verðlag verði náð. Peningastefnunefnd getur jafnframt gert tillögu til bankastjóra um beitingu sérstakrar bindiskyldu.

3. gr. Fundir peningastefnunefndar

- 3.1. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti sex sinnum á ári, sbr. 2. mgr. 11. gr. sbl. Formaður nefndarinnar leggur í lok hvers árs fram verk- og fundaáætlun nefndarinnar fyrir komandi ár. Fyrir hvern fund skulu nefndarmenn hafa aðgang að öllum tiltækum gögnum sem nauðsynleg eru til þess að taka upplýsta ákvörðun.
- 3.2. Formaður peningastefnunefndar getur boðað til aukafundar. Þá skal hann boða til aukafundar ef a.m.k. þrír nefndarmenn óska eftir fundi.
- 3.3. Peningastefnunefnd er ályktunarhæf ef fjórir af fimm nefndarmönnum sitja fund hennar. Það telst fullnægjandi mæting og þátttaka ef nefndarmenn taka þátt í fundum í gegnum fjarfundarbúnað. Formaður nefndarinnar stýrir fundum og leggur fram dagskrá.
- 3.4. Fyrir boðaðan fund skulu nefndarmönnum send gögn og upplýsingar um þróun á fjármálamörkuðum, stöðu fjármálakerfisins, stöðu efnahagsmála og vísbendingar og spár um efnahagshorfur, sem og önnur gögn sem geta nýst við ákvarðanir nefndarinnar.
- 3.5. Formaður peningastefnunefndar tilnefnir starfsmann Seðlabanka Íslands sem ritara nefndarinnar að höfðu samráði við peningastefnunefnd.
- 3.6. Ritari peningastefnunefndar undirbýr dagskrá hvers fundar að höfðu samráði við seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra peningastefnu, situr fundi nefndarinnar og ritar fundargerð. Skrifstofa bankastjóra skal höfð með í ráðum við undirbúning funda nefndarinnar. Dagskrá fundar og önnur nauðsynleg fundargögn skulu að jafnaði send nefndarmönnum eða vera þeim aðgengileg í síðasta lagi á föstudegi í vikunni fyrir reglubundinn fund nefndarinnar.
- 3.7. Aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands en þeir sem tilgreindir hafa verið sitja fundi ef sérstaklega er óskað eða samkvæmt ákvörðun formanns nefndarinnar.
- 3.8. Almennt skal dagskrá reglulegra funda peningastefnunefndar vera sem hér segir:
 - 3.8.1. Fjallað skal um nýlega framvindu og atburði sem gætu haft áhrif á mat á stöðu og horfur í efnahags- og peningamálum og á ákvarðanir nefndarinnar. Þá koma kynningar á þróun fjármálamarkaða og markaðsaðgerðum Seðlabanka Íslands, efnahagsþróun, vísbendingum um efnahagshorfur og helstu atburðum sem snerta efnahagslegan stöðugleika. Á fundum sem fara saman við útgáfu *Peningamála* fer fram sérstök kynning á þeim. Einnig kunna að verða kynnt sérstök efni sem hafa þýðingu fyrir hlutverk nefndarinnar og formaður tekur á dagskrá eða meirihluti nefndarinnar óskar eftir.
 - 3.8.2. Aðalhafgræðingur Seðlabankans dregur saman helstu niðurstöður úr kynningunum. Fjallað er um peningastefnuna og teknar ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans og/eða breytingar á notkun stjórnækja bankans.
 - 3.8.3. Eftir umræðu þar sem nefndarmenn gera grein fyrir afstöðu sinni leggur seðlabankastjóri fram tillögu um ákvörðun nefndarinnar. Atkvæðagreiðsla fer fram um tillöguna. Þótt samstaða náist um ákvörðun geta nefndarmenn einnig óskað eftir að fram komi í fundargerð að þeir hefðu kosið aðra niðurstöðu en telji svo lítið bera á milli að þeir geti samt sem áður fallist á tillögu seðlabankastjóra.

- 3.8.4. Fjallað er um yfirlýsingu peningastefnunefndar og hún samþykkt. Nefndin vinnur sameiginlega að yfirlýsingunni með það að markmiði að samstaða verði um orðalag hennar og skilaboð nefndarinnar.
- 3.9. Meirihluti nefndar getur óskað eftir að fá viðbótarkynningar á einstaka efni frá sérfræðingum Seðlabankans. Þá getur meirihluti nefndar óskað eftir kynningum á einstaka efni frá utanaðkomandi sérfræðingum telji hún það hjálpa nefndinni að taka upplýsta ákvörðun.
- 3.10. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meirihluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt ákvörðun formanns. Formaður skal auk þess efna til atkvæðagreiðslu óski nefndarmaður eftir því.
- 3.11. Halda skal fundargerðir um það sem gerist á fundum peningastefnunefndar. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalakerfi Seðlabanka Íslands ásamt framlögðum fundargögnum. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í fundargerð:
- dagsetning fundar
 - númer fundar;
 - hverjir nefndarmanna voru viðstaddir fundinn;
 - nafn fundarritara;
 - samantekt á greiningu á stöðu efnahagsmála og mats á efnahagshorfum;
 - lýsing á helstu sjónarmiðum sem komu fram í máli nefndarmanna á fundinum og eftir atvikum greint frá því á hvaða bili nefndarmenn töldu rétt að halda vöxtum;
 - upplýsingar um tillögu seðlabankastjóra um vexti og viðbrögð annarra í nefndinni við henni;
 - skýr niðurstaða ákvarðana; og
 - tilgreint hvernig atkvæði einstakra nefndarmanna féllu.
- 3.12. Drög að fundargerð skulu send nefndarmönnum til yfirlestrar og samþykkt svo fljótt sem auðið er. Hafi fundarmenn athugasemdir við drögin skal þeim komið á framfæri við fundarritara. Fundargerð hvers fundar peningastefnunefndar skal birta opinberlega, bæði á íslensku og ensku, tveimur vikum eftir hvern fund og þar skal gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 27. gr. sbl.
- 3.13. Formaður nefndarinnar getur, meti hann það svo vegna sérstakra aðstæðna, boðað til fjarfundar og lagt þar mál fyrir til ákvörðunar og móttakið atkvæði í gegnum fjarfundarbúnað eða með tölvupósti. Nú þolir ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki til að boða til fundar og er þá heimilt að óska með sannanlegum hætti staðfestingar meirihluta nefndarmanna utan fundar. Ákvarðanir sem teknar eru með fyrrgreindum hætti skulu staðfestar á næsta fundi og færðar í fundargerð.

4. gr. Fréttatilkynningar, fréttamannafundir, ummæli nefndarmanna o.fl.

- 4.1. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu tilkynntar með fréttatilkynningu fyrir opnunartíma íslenskra fjármálamarkaða og útskýrðar á opnum fundi með fulltrúum fjölmiðla og fjármála-fyrirtækja. Yfirlýsing nefndarinnar skal vera tilbúin nógu tímanlega til að hægt sé að þýða hana á ensku.
- 4.2. Nefndarmönnum peningastefnunefndar er frjálst að tjá skoðanir sínar á efnahagshorfum og peningastefnunni en til þess er mælt að nefndarmenn forðist að tjá sig um viðhorf annarra

nefndarmanna og taka skýrt fram að þeir tjái eigin skoðanir og að skoðanir þeirra þurfi ekki að endurspegla skoðanir annarra í nefndinni né skoðanir peningastefnunefndar og Seðlabanka Íslands. Nefndarmenn peningastefnunefndar skulu upplýsa aðra nefndarmenn fari þeir í viðtal við fjölmiðil eða fjölmiðla um peningastefnuna og/eða framkvæmd hennar. Skrifstofa bankastjóra skal einnig upplýst. Nefndarmenn skulu ekki tjá sig opinberlega um efnahagshorfur og peningastefnuna síðustu sjö dagana fyrir vaxtaákvörðun, né skulu þeir ræða þau málefni á lokuðum fundum, með fjárfestum eða öðrum sem kynnu að geta hagnast á upplýsingum um viðhorf nefndarmanna. Nefndarmenn skulu einnig forðast að tjá sig opinberlega sama dag og tilkynningin er birt.

- 4.3. Með vísan til 3. mgr. 11. gr. sbl. skal peningastefnunefnd gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári. Samkvæmt ákvörðun nefndarinnar skulu ytri nefndarmenn senda árlega sérstaka greinargerð í eigin nafni til þingsins.

5. gr. Hæfi nefndarmanna

- 5.1. Um hæfi nefndarmanna gilda lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.
- 5.2. Nefndarmenn skulu í hvívetna gæta að hæfi sínu við umfjöllun einstakra mála. Sérstaklega skulu þeir gæta að ummælum um einstaka aðila sem þeir gætu hafa fengið upplýsingar um á fundum nefndarinnar. Nefndarmönnum er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi þeirra og skulu þeir gera það um leið og slík mál koma upp. Séu nefndarmenn vanhæfir skulu viðkomandi ekki taka þátt í meðferð þess máls að neinu leyti og skulu ekki hafa aðgang að gögnum eða vera viðstaddir umræður eða ákvarðanatöku á fundinum. Bóka skal í fundargerð að hluteigandi hafi vikið sæti og að hann hafi ekki fengið aðgang að gögnum.
- 5.3. Telji formaður að nefndarmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í umfjöllun máls er formanni heimilt að krefjast þess að hann víki sæti áður en efni málsins er kynnt. Aðrir nefndarmenn taka ákvörðun um vanhæfi einstakra nefndarmanna ef vafamál koma upp.
- 5.4. Um viðskipti nefndarmanna við eftirlitsskylda aðila gilda ákvæði reglna þar um.

6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 6.1. Nefndarmenn, starfsmenn og aðrir gestir funda nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða fram koma á fundum nefndarinnar og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um sérfræðinga, verktaka og aðra sem starfa fyrir eða á vegum bankans. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 6.2. Nefndarmönnum, starfsmönnum eða öðrum gestum funda nefndarinnar er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum eða fundarsetu á fundi nefndarinnar, þar á meðal í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

7. gr. Undirritun, breytingar, gildistaka ofl.

- 7.1. Starfsreglur þessar skulu samþykktar á fundi peningastefnunefndar og undirritaðar af nefndarmönnum. Fullgildar rafrænar undirritanir jafngilda eiginhandar undirritunum.
- 7.2. Ákvörðun um breytingu á starfsreglum peningastefnunefndar er tekin á fundi nefndarinnar. Hver nefndarmaður getur lagt fram skriflega tillögu um breytingar til nefndarinnar og óskað eftir að hún verði sett á dagskrá næsta fundar peningastefnunefndar.
- 7.3. Þessar starfsreglur hafa verið settar af peningastefnunefnd, sbr. 2. mgr. 11. gr. sbl., og hafa verið staðfestar af bankaráði Seðlabanka Íslands á fundi bankaráðs hinn 25. nóvember 2020, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Starfsreglurnar taka gildi við undirritun peningastefnunefndar hinn 2. desember 2020 og falla þá úr gildi starfsreglur nefndarinnar frá 17. mars 2020.
- 7.4. Birta skal starfsreglur peningastefnunefndar á vefsíðu Seðlabanka Íslands.